

27. jan. 2016

GMR Endurvinnslan ehf  
Tangavegi 7,  
301 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 26. janúar 2016  
UST201511-200/E.D.K.  
08.07.02


### Ákvörðun um aukið eftirlit


Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 22. desember 2015, þar sem áformað var að auka tíðni eftirlits með GMR Endurvinnslu ehf. á Grungartanga í þrjú skipti á ári, frá og með árinu 2016. Í bréfinu er rekstraraðila veittur frestur til 12. janúar 2016 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Umhverfisstofnun hefur ekki borist athugasemdir frá rekstraraðila.

**Ákvörðunin er því eftirfarandi: Umhverfisstofnun tilkynnir um aukningu á reglubundnu eftirliti með GMR Endurvinnslu í þrjú skipti á ári frá og með árinu 2016 til og með 2018, sbr. gr. 12.5 í reglugerð 786/1999 um mengunarvarnareftirlit. Verði breytingar á rekstrinum og eftirlitsniðurstöðum á tímabilinu, sem gefa tilefni til að draga úr tíðni eftirlits, þá er mögulegt að endurskoða ákvörðunina.**

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 24. gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnareftirlit, sbr. 31. gr. laga nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kæran borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústs dóttir  
sviðsstjóri

  
Eva Dögg Kristjánsdóttir  
sérfræðingur